

STRANDABYGGÐ

SÁMUR SKÝLA NÍÐURÍFIR OG SKELJAVÍKURHEIÐ OG HVALEIÐIBREKKA

Umhverfisstofnun
Áb. <u>GBI SK SGU</u>
09. ágú. 2011
<u>8.14.1</u>
Tilv. <u>UST20110800029</u>

Hólmavík, 5. ágúst 2011

Umhverfisstofnun
Suðurlandsbraut 24
108 Reykjavík

Varðandi: Deiliskipulag urðunarstaðar í landi Skeljavíkur, Strandabyggð

Til upplýsingar vegna óskar Sorpsamlags Strandasýslu eftir framlengingu á undanþágu frá starfsleyfi vegna urðunarstaðar síns í landi Skeljavíkur við Hólmavík:

- Deiliskipulag urðunarstaðar í landi Skeljavíkur í Strandabyggð hefur verið samþykkt og auglýst í B-deild stjórnartíðinda. Sjá meðfylgjandi afrit af deiliskipulagi, bréf frá Skipulagsstofnun og afrit af auglýsingu.

Virðingarfyllst,


Ingibjörg Valgeirsdóttir, sveitarstjóri

Strandabyggð

Hafnarbraut 19
510 Hólmavík

Reykjavík, 27. júlí 2011

Tilvísun: 2010070023 /

Efni: Deiliskipulag urðunarstaðar í landi Skeljavíkur, Strandabyggð

Vísað er til erindis Strandabyggðar, dags. 11. júlí 2011, þar sem deiliskipulag urðunarstaðar í landi Skeljavíkur, er sent Skipulagsstofnun til yfirferðar samkvæmt 3. mgr. 25. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 og laga um umhverfismat áætlana nr. 105/2006. Deiliskipulagið var samþykkt í sveitarstjórn 21. júní 2011. Engar athugasemdir bárust á kynningartímanum. Málsmæðferð var skv. 1. mgr. 25 gr. skipulags- og byggingarlaga.


Deiliskipulagið er sett fram á uppdretti í mkv. 1:2.000, dags. 11. júlí 2011 og er greinargerð og umhverfisskýrsla á uppdretti. Skýringarmyndir sem sýna snið í mkv. 1:500 eru á uppdretti.

Erindinu fylgdu jafnframt umsagnir Umhverfisstofnunar dags. 9. nóvember 2010, Veiðimálastofnunar dags. 28. september 2010 og umsögn Heilbrigðiseftirlits Vestfjarða dags. 28. september 2010.

Í deiliskipulaginu er gert ráð fyrir 3,3 ha urðunarstað í landi Skeljavíkur um 400 m sunnan við gatnamótum Djúpvegar. Heimilt verður að urða allt að 500 tonn af almennum úrgangi árlega. Óheimlt verður að taka móti spilliefnum til förgunar. Urðunarstaðnum er skipt upp í svæði eftir tegundum úrgangs, þ.e fyrir heimilssorp (1,1 ha), brotajárn (0,3 ha), hjólbarða (0,1 ha), garðaúrgang og jarðgerð (0,3 ha) og byggingarúrgangi (0,1 ha). Sigvatn verður leitt í tvær setþrær innan urðunarsvæðis heimilissorps. Gert er ráð fyrir 20 m² þjónustuhúsi ásamt vog innan afmarkaðs 100 m² byggingarreits. Urðunarsvæðið verður girt með allt að 3 m hárrí girðingu og umhverfis svæðið verða gerðar 2-3 m háar jarðvegsmanir til að draga úr ásýnd frá vegum.

Skipulagsstofnun hefur yfirfarið framlögð gögn og gerir ekki athugasemd við að sveitarstjórn birti auglýsingu um samþykkt deiliskipulagsins í B-deild Stjórnartíðinda.


Hlynur Torfi Tomfason



STRANDABYGGÐ


SKELJAVÍKUR

Hólmavík, 2. ágúst 2011

AUGLÝSING

um deiliskipulag á urðunarstað í landi Skeljavíkur

Sveitarstjórn Strandabyggðar samþykkti 21. júní 2011, deiliskipulag fyrir urðunarstað í landi Skeljavíkur. Deiliskipulagssvæðið er um 3,3 ha að stærð þar sem gert er ráð fyrir allt að 500 tonnum árlega til urðunar. Deiliskipulagið hefur hlotið meðferð skv. 42. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Deiliskipulagið öðlast þegar gildi.


Ingibjörg Valgeirsdóttir, sveitarstjóri